

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: Bryndís Gunnlaugsdóttir <bryndis.gunnlaugsdottir@samband.is>
Sent: föstudagur, 16. júlí 2021 15:33
Subject: Drög að reglum um lækkun og niðurfellingu dráttarvaxta á fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði
Attachments: Drog að reglum um lækkun og niðurfellingu drattarvaxta á fasteignaskatta.docx

Sent til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Góðan daginn

Alþingi samþykkti í vor [breytingar á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga til að bregðast við kórónuveirufaraldrinum](#). Var sveitarfélögum þar veitt heimild til þess að lækka eða fella niður dráttarvexti á fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði. Í nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar var hvatt til þess að Samband íslenskra sveitarfélaga myndi útbúa fyrirmynd fyrir sveitarfélög til að styðjast við ef áhugi væri fyrir sameiginlegum reglum.

Meðfylgjandi eru drög að slíkum reglum er sveitarfélög geta nýtt sér ef þau ætla að lækka eða fella niður dráttarvexti á fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði. Ég vek athygli á því að þetta er valfrjálst fyrir sveitarfélög og umrædd drög eru eingöngu tillaga en sveitarfélög hafa val um hvernig þær útfæra sínar reglur svo lengi sem það er í samræmi við lög.

Ykkur er velkomið að hafa samband við undirritaða ef þið hafið spurningar varðandi þessar reglur. Skrifstofa sambandsins er lokað dagana 19. júlí til 2. ágúst en ég mun fylgjast með tölvupósti ef fram koma spurningar tengdar þessum reglum sem ekki geta beðið fram yfir verslunarmannahelgi.

Bestu kveðjur
Bryndís



Bryndís Gunnlaugsdóttir
lögfræðingur
Beint innval: 515 4916
Netfang: bryndis.gunnlaugsdottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.